

BORGARRÁÐ 6. 10. 2016: Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina um jafnlaunavottun - R16100035

Borgarráðsfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina leggur fram svohljóðandi fyrirspurn:

Ekki er að sjá að meirihluti Samfylkingar, Bjartar framtiðar, Vinstri grænna og Pirata hafi nokkrun áhuga á að tryggja jöfn launa kynjanna innan borgarkerfisins eða að útrýma kynbundnum launamun kynjanna, en áætlun um útrýmingu kynbundins launamunar er eitt af markmiðum samstarfssáttmála meirihlutans. Þann 17. mars 2015 lögðu Framsókn og flugvallarvinir fram tillögu í borgarstjórn um jafnlaunavottun, sem var svohljóðandi: Í tilefni þess að í ár er fagnað 100 ára afmæli kosningarréttar kvenna á Íslandi, samþykkir borgarstjórn að gerð verði jafnlaunaúttekt hjá Reykjavíkurborg sem staðfest verður með jafnlaunavottun á afmælisárinu. Ekki fékkst tillagan samþykkt í borgarstjórn en henni var vísað til borgarráðs. 17. september 2015 er tillagan ítrekuð á fundi borgarráðs. Nú er óskað eftir svári frá borgarstjóra hvernig meðferð þessa máls alls hefur verið háttað, hvenær var það embættisafgreitt, hefur verið leitað umsagna og hvenær má ætla að borgarráð afgangi tillögunna ?



UMSÖGN

Viðtakandi: Skrifstofa borgarstjórnar

Sendandi: Sandra Dröfn Gylfadóttir

Umsögn: Tillaga borgarfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina um jafnlaunaúttekt

Á fundi borgarráðs þann 20. október 2016 var lögð fram að nýju tillaga borgarfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina um jafnlaunaúttekt, sem vísað var til borgarráðs á fundi borgarstjórnar þann 17. mars 2015. Einnig var lagt fram bréf borgarstjóra, dags. 19. mars 2015, með svohljóðandi breytingartillögu:

Undanfarin ár hefur Reykjavíkurborg látið óháða aðila vinna úttektir á launamun kynjanna og var síðasta úttekt unnin fyrir árið 2014. Í aðgerðaáætlun gegn kynbundnum launamun segir að gera eigi úttekt á kynbundnum launamun af óháðum aðila annað hvert ár. PWC hefur annast jafnlaunaúttektir og veita stofnunum og fyrirtækjum sem ná góðum árangri jafnlaunavottun. Lagt er til að starfsmannastjóra Reykjavíkurborgar og deildarstjóra kjaradeildar verði falið að undirbúa þátttöku Reykjavíkurborgar í jafnlaunavottun PWC. Borgarráð samþykkti breytingartillöguna.

Umsögn:

Í árslok 2016 hófst undirbúningur á jafnlaunaúttekt PWC. Í upphafi ferilsins kom í ljós að ekki væri tímabært að setja laungögn Reykjavíkurborgar inn í réttlaunalíkan PWC þar sem grundvallarbreytingar voru gerðar á launatöflu Reykjavíkurborgar og flestra viðsemjanda þann 1. júní 2017. Verkefninu var frestað á meðan.

Á sama tíma urðu miklar breytingar á ytra umhverfi varðandi jafnlaunamál. Í júní 2017 voru samþykkt lög á Alþingi um jafnlaunavottun sem byggja á staðlinum ÍST 85/2012. Tilgangur staðalsins er að auðvelda atvinnurekendum að koma á og viðhalda launajafnrétti á vinnustað sínum. Með innleiðingu hans er komið upp stjórnunarkerfi sem tryggir að málsmeðferð og ákvörðun í launamálum byggist á málefnalegum sjónarmiðum og feli ekki í sér kynbundna mismunun. Faggiltur vottunaraðili metur hvort skilyrði staðalsins hafi verið uppfyllt og þar með hvort unnt sé að veita viðkomandi skipulagsheild jafnlaunavottun.

Lögin tóku gildi 1. janúar 2018 og samkvæmt þeim skulu fyrirtæki og stofnanir þar sem 250 eða fleiri starfsmenn starfa að jafnaði hafa öðlast vottun fyrir árslok 2018. Reykjavíkurborg ber því fá vottun á jafnlaunakerfi fyrir árslok 2018. Undirbúningur að jafnlaunavottun er hafin

og var skipaður starfshópur um verkefnið í borgarráði þann 8. febrúar s.l. Hlutverk hópsins er yfirumsjón með innleiðingu jafnlaunastaðals hjá Reykjavíkurborg og undirbúningur vottunarferlis. Undirbúningi, innleiðingu og vottun skal ljúka eigi síðar en 31. desember 2018 í samræmi við breytingar á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Reykjavíkurborg hefur gert samning við Vottun ehf., sem er faggildur vottunaraðili jafnlaunastaðalsins, um jafnlaunaúttektina.

Í ljósi þessa er það mat undirritaðra að ávinningur þess að fá jafnlaunamerki PWC hefur minnkað þar sem jafnlaunavottun kemur í þess stað. Þá er PWC ekki faggiltur vottunaraðili á jafnlaunastaðlinum og að fá jafnlaunamerki PWC á sama tíma og unnið er að jafnlaunavottun getur falið í sér tvíverknað og aukinn kostnað bæði í formi gjalda og vinnu.

Atli Atlason,
deildarstjóri kjaradeildar

Ragnhildur Ísaksdóttir
starfsmannastjóri Reykjavíkurborgar